

Kirkjuþing 2023-2024

9. mál - þskj. 9a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr.16/2021-2022, með síðari breytingu.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Önnu Guðrúnu Sigurvinsdóttur, Bryndísi Möllu Elíadóttur og Konráði Gylfasyni
Frsm. Bryndís Malla Elíadóttir.

1. gr.

Við 3. gr. starfsreglnanna bætist ný mgr., 6. mgr., sem orðast svo:

Hvert sóknarbarn hefur atkvæðisrétt sem nemur einu atkvæði. Enginn getur farið með atkvæðisrétt annars samkvæmt umboði.

2. gr.

Við 4. gr. starfsreglnanna bætist ný mgr., 3. mgr., sem orðast svo:

Sóknarnefnd er heimilt að boða til aukaaðalsafnaðarfundar ef brýna nauðsyn ber til. Boða skal hann með sama hætti og til aðalsafnaðarfundar, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Aðalsafnaðarfundur er samkvæmt starfsreglum vettvangur starfsskila og reikningsskila sóknarnefnda og annar nefnda safnaðarins. Fundurinn fer með ákvörðunarvald í þeim málum sóknarinnar sem heyra undir fundinn, málefni sóknarinnar eru rædd og fundurinn kys úr sínum hópi sóknarnefnd sem starfar í umboði safnaðarins og ber ábyrgð gagnvart honum. Aðalsafnaðarfundur sóknar er öllum opinn og safnaðarmeðlimir hafa þar tækifæri til þess að hafa áhrif og koma skoðun sinni á framfæri. Flutningsmenn telja það ekki í anda þeirra áhrifa sem aðalsafnaðarfundirnir hafa að leyft sé að greiða atkvæði með umboði á fundunum. Mikilvægt er að þau sem vilja láta sig málefni sóknarinnar varða taki með beinum hætti þátt í fundunum enda vilja oft skapast góðar umræður þegar söfnuðurinn kemur saman til aðalsafnaðarfundar. Flutningmenn telja einnig rétt að taka fram með afgerandi hætti að sóknarnefnd geti boðað til aukaaðalsafnaðarfundar og hvernig sé til hans boðað.

Um 1. gr.

Í núverandi starfsreglum er ekkert getið um umboð og skv. almennri reglu eru þau því leyfð á aðalsafnaðarfundum. Flutningsmenn leggja til að ekki verði heimilt að fela öðrum að fara með atkvæði sitt á aðalsafnaðarfundum með umboði og telja nauðsynlegt að þetta sé skýrt í starfsreglum.

Um 2. gr.

Í núverandi starfsreglum er ekki getið um heimild sóknarnefnda til að boða aukaaðalsafnaðarfund en skv. almennri reglu er það þó heimilt. Flutningmenn telja rétt að í starfsreglum sé skýr heimild sóknarnefnda til þess að boða aukaaðalsafnaðarfund telji sóknarnefnd þörf á því og að tekið sé fram hvernig til hans sé boðað.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.